



## 1. fundur stjórnar Aftureldingar 23. apríl 2013

**Fundur settur kl. 18:15 að Varmá.**

Mætt: Guðjón Helgason, Auður Gunnarsdóttir, Hekla Klemenzdóttir, Eymundur Sigurðsson,

Lára B Helgadóttir, Geirarður Long, Gylfi Gíslason boðaði forföll.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn

Dagskrá:

1. Veltiskiltið.
2. Verkaskipting stjórnar.
3. Fundartímar stjórnar.
4. Önnur mál.

1. Veltiskiltið. Framkvæmdastjóri kynnti nýjan samning sem gerður hefur verið varðandi veltiskiltið, en þar er skiptingin þannig að UMFA er með 65%, Golfklúbburinn með 35% og kostnaður skiptist eftir hlutföllum. Hestamenn sögðu sig frá samningnum. Tekist hefur að semja um uppgreiðslu gamallar skuldar, og mun hún greiðast upp smám saman. Beiðni hefur borist frá knattspyrnudeild, um yfirtöku samningsins á hluta UMFA. Ákveðið var að leggja þá beiðni fyrir formannafund, áður en ákvörðun verður tekin.
2. Verkaskipting stjórnar. Lagt var til að verkaskipting stjórnar yrði eftirfarandi. Guðjón Helgason formaður (kjörin á aðalfundi) Auður Gunnarsdóttir varaformaður, Eymundur Sigurðsson ritari, Hekla Klemenzdóttir gjaldkeri. Verkaskipting samþykkt samhljóða.
3. Fundartími stjórnar. Stjórnarfundir verði annan hvern miðvikudag kl. 18:10, formannafundir verði einu sinni í mánuði, og þá sama dag og stjórnarfundur.
4. Önnur mál. Formaður upplýsti um að málefni Tungubakka og eru þau í góðum farvegi. Formaður sagði frá því að samningaviðræður við Mosfellsbæ, standa enn yfir, en tilboð frá félaginu hefur verið lagt fram til bæjarinnis, og er vonast eftir svari frá þeim mjög fljótlega.

Fundi slitið kl. 19:08. Næsti fundur ekki ákveðinn.

Fundargerð ritaði Hekla Klemenzdóttir gjaldkeri aðalstjórnar.